



Reykjavík, 4. október 2018

R18100014

6631

HBL/bp

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Kjalarnes - Hólaland - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 4. október 2018 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, ódags., sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 19. september 2018 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Hólaland á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins og borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikill og viðvarandi skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði í Reykjavík síðustu ár. Afleiðingin er að gríðarlegur fjöldi fjölskyldna hefur ekki átt annan kost en að flytjast út fyrir borgarmörkin bæði til suðurs, austurs og vesturs. Þetta sést vel á stöðum eins og í Reykjanesbæ, Hveragerði, Selfossi, Borgarnesi, Akranesi og víðar. Langflestir brottfluttra sækja eftir sem áður vinnu til Reykjavíkur. Eðlileg uppbygging á Kjalarnesi er nauðsynleg til að svæðið geti þróast á sjálfbæran og eðlilegan hátt. Óhóflegar takmarkanir á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis hefur verulega neikvæð áhrif á þróun Kjalarness og er í andstöðu við forsendur sameiningar sveitarfélaganna fyrir 20 árum síðan. Skipulags- og samgönguráð felldi tillögu um breytingar á deiliskipulagi í landi Nesvíkur á Kjalarnesi á fundi sínum 29. ágúst sl. Það er því hreint með ólíkindum að verið sé að breyta deiliskipulagi á mörkuðu svæði í landi Hólalands á Kjalarnesi í stað þess að taka stærra svæði og deiliskipuleggja land Nesvíkur í leiðinni. Hér er ekki verið að afgreiða eins mál með sambærilegum hætti og lítum við það alvarlegum augum.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir talsverðri stækkun Grundarhverfis til

vesturs og norðurs. Það þýðir að á næstu árum verður hægt að byggja þar fjölda íbúða. Sú uppbygging mun styrkja Grundarhverfið og skjóta stoðum undir meiri verslun og þjónustu. Það er mikill kostur að sú byggð verður innan vaxtamarka svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins. Við teljum skynsamlegast að láta þá uppbyggingu ganga fyrir uppbyggingu við Nesvík. Hvernig uppbyggingu er háttað í borginni á að vera á forsendum borgarbúa og sjálfbærra hverfa, en ekki á forsendum aðila sem hagnast á því að farið verði í uppbyggingu á ákveðnum svæðum. Nú er að hefjast uppbygging á Kjalarnesi eftir langt stopp og fögnum við því, en það skal vera í samræmi við aðalskipulag, í tengslum við uppbyggingu þjónustu og á réttum forsendum.



Helga Björk Laxdal
e.u.